

**Ritari:** Laufey Sif Ingólfssdóttir


**Mættir:** Victor, Dúna, Jóna, Áslaug, Hrafnhildur, Laufey, Gugga, Marianna, Sonja, Védís (Fulltrúi frá ungmennaráði ungmennahúsa) og Karitas (Fulltrúi frá ungmennaráði Samfés)

## Dagskrá fundar:

1. Næstu viðburðir Samfés
2. Plúsinn
3. Viðfangsefni er snúa að stjórn Samfés
4. Ungmennaráðin
5. Rannís (Óli frá Rannís kemur með kynningu)
6. Önnur mál

## Málefni sem rædd voru:

- Norrænt rafíþróttamótið sem verður 6 og 7 nóvember. Mestur fjöldi skráðra frá Íslandi. Utanaðkomandi aðilar munu sjá um að streyma af viðburðinum og verður því hægt að fylgjast með öllum leikjunum. Það verður hægt að spila bæði á PC og Playstation. Jákvætt ef félagsmiðstöðvarnar setja upp aðstöðu hjá sér fyrir sína þátttakendur en ekki krafa.
- Umræða um þann möguleika að fá lánaðan "private key" í Fortnite hjá frændum okkar í Danmörku fyrir SAMFÉS þegar þörf er á seinna.
- Umræður um Rímnaflæði. Dræm skráning í keppnina. Ef fjöldi keppenda næst ekki þá bjóðum við þeim þátttakendum sem komnir eru að senda sín lög sem við getum svo sýnt á okkar miðlum. Haffi er að útbúa kynningarmyndband fyrir Rímnaflæði sem mun vonandi gefa viðburðinum það pepp sem hann þarf.
- Fresta verður Landsmóti Samfés sem átti að verða 20-22 nóvember næstkomandi. Möguleikar á útfærslu landsmóts ræddar og kom sá punktur frá ungmennaráði samfés að það væri leiðinlegt fyrir þau sem hefði verið kosin til eins árs að hafa ekki fengið þá upplifun af ungmennaráði eins og venjan er en að sama skapi þyrfti að hafa kosningu nýrra fulltrúa svo það muni ekki bitna á þeim sem fæddir eru 2005.
- Plúsinn kynntur fyrir nýrri stjórn og umræða tekin um mögulegt húsnaði fyrir verkefnið.
- Ritari leggur til að dagskrárliður nr fjögur og fimm sé tekin fyrir á undan dagskrárlið nr þrjú, Samþykkt!
- Ungmennaráðin rædd; Mikið af nýjum og fjölbreyttum verkefnum í gangi þessa dagana og virðist vera mikill áhugi innan ráðanna að takast á við þau verkefni sem í boði eru. Töluvert öðruvísi verkefni í gangi núna en hefur áður tíðkast þar sem meðal annars er lítið að gera í viðburðum samtakanna á tímum sem þessum. Ráðið hefur að undanfögnu fengið meira vægi en áður hefur verið sem er mjög jákvætt. Fulltrúar ungmennaráðanna töluðu um að það sé nú auðveldara en áður að prufa sig áfram í nýjum verkefnum. G. er alfarið búin að taka við stjórn beggja ráða.
- Ó frá Rannís kom inn á fundinn með kynningu um faggildingu Erasmus+. Það sem kom fram í kynningunni þá mun faggilding mun t.d. gera umsóknir í stjórnarferðir auðveldari ásamt því að vera gott töl til að valdefla unga fólkið okkar og gæti mögulega verið tækifæri til að bæta við starfshlutfalli hjá samtökunum. Ó mun senda framkvæmdarstjóra kynninguna.
- FÍÆT, FFF og SAMFÉS fundaði á dögnum um stöðu æskulýðsmála á Seltjarnarnesi og munu í kjölfarið af þeim fundi senda út opið bréf um málið sem verður sennilega stílað á bæjarstjórn og mögulega sett í bæjarmiðilinn á nesinu og kanski fleiri fréttamiðla.
- Rætt hvenær varamenn eiga að fá greitt fyrir fundarsetu.



- Umræður um hvernig best er að hafa samskipti stjórnar, facebook, Teams, Zoom og aðrir möguleikar ræddir.
- Möguleikar ræddir um vikulegt samfés spjall fyrir aðildarfélaga.

### Ákvarðanir teknar á fundi:

- Framkvæmdarstjóri sendir út skýran póst er varðar rafíþróttamótið og imprar á því að ekki sé nauðsynlegt að koma saman í félagsmiðstöðinni ef slíkt er ekki gerlegt.
- Framkvæmdarstjóri ætlar að senda út ákveðinn póst á aðildarfélaga til að pressa á fleiri til að skrá sig í Rímnaflæði.
- Hafa bæði dómnafnd og netkosningu ef af Rímnaflæði verður.
- Ákveðið að fresta landsmóti þar til á næsta ári og halda þá þrítugasta landsmót Samfés með pompi og prakt og í staðin halda eitthvað rafrænt þar sem hver og einn getur verið með sína fulltrúar í sínum heimahaga og gert sér glaðan dag sem myndi svo enda með kosningu í ungmennaráð SAMFÉS með rafrænum hætti.
- Ungmennaráð ungmennahúsa ætlar að geyma kosningu í nýtt ungmennaráð til næsta árs.
- Gera meira úr Samfés-Con en hefur áður verið gert sökum þess að ekkert varð að starfsdögum þetta haustið
- Framkvæmdarstjór sendir út póst til að minna á dag unga fólksins/ félagsmiðstöðva og ungmennahúsavikuna 16-22 nóvember.
- Varamenn frá greitt fyrir þá fundi sem þeir mæta á, óháð því hvort þeir mæti á fundinn í stað annars stjórnarmanns, atkvæðarétt hafa varamenn þó aðeins ef þeir sitja á fundi í stað annars stjórnarmeðlims.
- Stjórn sammála um að mæta ekki við nýjum samskiptamöguleikum og notast heldur við þá sem þeir eru nú þegar að nota í sínu starfi. Allir sammála um að fjarfundir verði framvegis á Teams í stað Zoom og að samskipti munu á næstum mánuðum færast alfarið yfir á Teams en munum notast við facebook á meðan sú innleiðing er í gangi.
- Ný heimasíða samtakanna mun bæði vera á íslensku og ensku.
- Framkvæmdarstjóri sendir út könnun á aðildarfélaga þar sem meðal annars verður tekinn púlsinn á áhuga fyrir reglulegu Samfés spjalli.
- Reglulegt spjall yrði á miðvikudögum kl 11:00

### Umræður sem taka þarf fyrir á næsta fundi stjórnar:

- Nánari útfærsla á rafrænu "landsmóti"
- Samfés – Con
- Discord og möguleikar til að gera aðgengilegra fyrir t.d. 16+ hópinn
- Fara betur ofaní saumana á faggildingu Erasmus+ og hvað það myndi þýða fyrir samtökin.